

Yfirlýsing peningastefnunefndar

15. mars 2017

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánnum, verða því áfram 5%.

Samkvæmt þjóðhagsreikningum Hagstofu Íslands var hagvöxtur 7,2% í fyrra sem er einni prósentu meiri vöxtur en spáð var í febrúarhefti *Peningamála*. Frávikið frá spánni skýrist einkum af meiri þjónustuútflutningi og einkaneyslu. Vísbendingar eru um áframhaldandi kröftugan vöxt það sem af er ári. Þá fjölgar störfum hratt, atvinnuleysi er lítið og atvinnuþátttaka er orðin meiri en hún var mest á þenslutímanum fyrir fjármálakreppuna. Þrátt fyrir að innflutningur erlends vinnuafns vegi á móti fer spennan í þjóðarbúinu vaxandi.

Verðbólga mældist 1,9% í febrúar, áþekk því sem hún hefur verið sl. hálf ári. Að því er varðar verðbólguhorfur togast sem fyrr á tveir kraftar. Hagvöxtur hefur reynst meiri en spáð var, en á hinn bóginn er gengi krónunnar hærra. Gengishækkunin og lítil alþjóðleg verðbólga vega sem fyrr á móti verðbólguþrýstingi af innlendum rótum og hefur bilið á milli verðþróunar innlendra þátta, einkum húsnæðiskostnaðar, og erlendra þátta aukist. Þá hefur aðhaldssöm peningastefna skapað verðbólguvæntingum kjölfestu og haldið aftur af útlánavexti og vexti eftirspurnar.

Of snemmt er að segja til um efnahagsleg áhrif síðustu skrefa við losun fjármagnshafna. Hugsanlegt er að betra jafnvægi skapist á milli inn- og útstreymis á gjaldeyrismarkaði en skammtímahreyfingar kunna að aukast eins og sést hafa merki um síðustu daga. Seðlabankinn mun eftir sem áður draga úr skammtímagengissveiflum þegar tilefni er til.

Ör vöxtur efnahagssumsvifa og skýr merki um spennu í þjóðarbúskapnum kalla á peningalegt aðhald svo að tryggja megi verðstöðugleika til meðallangs tíma. Á móti kemur að heldur hefur dregið úr óvissu á vinnumarkaði.

Traustari kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólguþrýsting og hækkun gengis krónunnar hafa gert peningastefnunefnd mögulegt að ná lögboðnu markmiði um verðstöðugleika við lægra vaxtastig en ella. Aðhaldsstig peningastefnunnar á komandi misserum mun ráðast af framvindu efnahagsmála og annarri hagstjórn.